



Alþingi  
Erindi nr. P 136/188  
komudagur 24.11.2008

LANDSBÓKASAFN ÍSLANDS – HÁSKÓLABÓKASAFN

Alþingi  
Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 19. nóvember 2008  
Tilvísun: 200811-0005 / IS

**Efni:** Umsögn um þingsályktunartillögu um stofnun barnamenningarhúss –  
136. löggjafarþing 2008-2009. Þskj. 24 - 24. mál

Safnið er aðili að Samtökum um barnabókastofu ásamt Rithöfundasambandi Íslands, SÍUNG, IBBY á Íslandi, Félagi íslenskra bókaútgefenda, Kennaraháskóla Íslands og Háskólanum á Akureyri. Á þessum vettvangi hefur verið unnið að undirbúningi að stofnun barnabókastofu s.l. 2-3 ár. Guðlaug Richter vann meðfylgjandi skýrslu s.l. sumar á vegum samtakanna.

Í skýrslunni eru lagðar fram tillögur um að komið verði á fót miðstöð lestrarhvatningar með einum starfsmanni. Lögð er áhersla á að byggja á þeirri vinnu sem nú þegar er unnin víða um landið, halda úti vef sem allir geti nálgast, byggja upp tengslanet þeirra sem vinna að lestrarhvatningu, að halda uppi áróðri fyrir eflingu barnabókmennta og lesturs og skipuleggja þing, ráðstefnur eða viðburði á sviði barnabókmennta. Miðstöð sem þessi gæti síðan orðið vísir að eða hluti af barnamenningarstofnun þegar hún kemst á laggirnar.

Safnið leggur til að tillögur í skýrslu Guðlaugar verði framkvæmdar nú þegar, en síðan þrjúnað smám saman við miðstöðina eftir því sem efni og ástæður leyfa, enda segir í greinargerð með þingsályktunartillögunni: „Ekki er ólíklegt að kjarnastarfsemi hússins snerist um bókmenntir en ekki er vanþörf á að hvetja börn og unglinga til að lesa. Þarna væri hægt að sjá fyrir sér öflugan miðstöð fyrir fræðimenn á þessu sviði, kynningarstarfsemi fyrir börn og unglinga sem gætu komið og kynnt sér einstaka höfunda og verk þeirra ...“

Virðingarfyllst,

Ingibjörg Steinunn Sverrisdóttir

landsbókavörður

Fylgiskjöl: Guðlaug Richter: *Hvernig glæðum við áhuga barna á lestri : skýrsla um könnun á vegum Samtaka um Barnabókastofu. Júlí 2008.*

ARNGRÍMSGÖTU 3 · 107 REYKJAVÍK · SÍMI: 525 5600 · BRÉFASÍMI: 525 5615

NETFANG: [postur@bok.hi.is](mailto:postur@bok.hi.is) · VEFFANG: [www.landsbokasafn.is](http://www.landsbokasafn.is)